

7 19. jan. 7. maí 1946, um almannatryggingar, til þess að öðlast gildi 1. janúar 1954, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt eru úr gildi felldar breytingar á reglugerð nr. 167/1946, sem birtar voru með auglýsingu nr. 236 30. des. 1952.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

8

REGLUGERÐ

19. jan.

um breyting á reglugerð nr. 22 26. febr. 1953 um breyting á reglugerð nr. 11 18. jan. 1947, um innheimtu iðgjalda o. fl., samkv. lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar.

2. töluliður síðari málsgr. orðist svo:

Til loka febrúarmánaðar 1954 skulu iðgjöld samkv. 112. gr. laga nr. 50/1946, vegna lögskráðra sjómanna, vera sem hér segir:

Á 1. verðlagssvæði kr. 8.61 á viku.

Á 2. — — 6.48 — —

Árið 1954 skal greiða í janúar upp í iðgjöld samkv. 107. gr. eins og hér segir:

Á 1. verðlagssvæði:

Karlar kr. 350.00

Ógiftar konur — 250.00

Á 2. verðlagssvæði:

Karlar kr. 250.00

Ógiftar konur — 180.00

Reglugerðarbreyting þessi, sem gerð er samkv. lögum nr. 38/1953, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar, og viðauka við þau, gengur í gildi 1. janúar 1954.

Félagsmálaráðuneytið, 19. janúar 1954.

Steingrímur Steinþórsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

9

SAMÞYKKT

22. jan.

um breyting á samþykkt um sýsluvegasjóð Vestur-Skaftafellssýslu, nr. 66 29. marz 1950.

1. gr.

2. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Sýsluvegir eru þessir:

Í Hörgslandshreppi:

1. *Brunasandsvegur:* Af þjóðveginum austan Fossála suður á Brunasand, austur með byggðinni og á þjóðveginn hjá Teygingalæk.

2. *Mörtunguvegur*: Af þjóðveginum í Prestsbakkavelli um Prestsbakka að Mörtungu. 9
22. jan.
3. *Hörgsdalsvegur*: Frá Hörgsárbrú að Hörgsdal.

Í Kirkjubæjarhreppi:

4. *Holtsvegur*: Frá Holti vestur Síðuheiðar að Búlandi í Skaftártungu.

Í Leiðvallarhreppi:

5. *Koteyjarvegur*: Af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Rofabæ.
6. *Botnavegur*: Af þjóðveginum austan Ásakvísla að Botnum.
7. *Bakkakotsvegur*: Af þjóðveginum í Efríeyjaregg að Bakkakoti.

Í Skaftártunguhreppi:

8. *Svinadalsvegur*: Frá Stórahvammsbrú að Svinadal.
9. *Ljótarstaðavegur*: Af Búlandsvegi um Gröf, Borgarfell, Snæbýli að Ljótarstöðum.

Í Álftavershreppi:

10. *Mýrnavegur*: Af þjóðveginum hjá Norðurhjáleigu um Jörvík að Mýrum.

Í Hvammshreppi:

11. *Vikurvegur*: Gegnum kaupúnið í Vík og heim að sýslumannsbústaðnum.
12. *Rofamýrarvegur*: Af þjóðveginum norðan Reynisfjalls um Rofamýri í Heiðardal.
13. *Dalabæjarvegur*: Frá Stóradal um Fjós, suður með Brandslæk vestanverðum að Dyrhólum.

Í Dyrhólahreppi:

14. *Hvolsvegur*: Af þjóðveginum sunnan Skeiðflatar um Hryggi að Hvoli.
15. *Péturseyjarvegur*: Með byggðinni sunnan Péturseyjar.

2. gr.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt þessi, sem sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu hefur samið og samþykkt, samkvæmt lögum nr. 102 19. júní 1933, um sýsluvegasjóði, staðfestist hér með, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 22. janúar 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Páll Pálmason.